

Mánudaginn 22. mars 1976.

Nr. 60/1976. **Ákærvaldið**
 gegn
Einari Gunnari Bollasyni.

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. mars 1976, sem barst Hæstarétti 16. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Af hálfu ríkissaksóknara er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, „þó með þeirri breytingu, að gæsluvarðhaldstíminn verði lengdur frá því, sem ákveðið er í hinum kærða úrskurði“.

Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur 26. janúar 1976 var varnaraðilja gert að sæta 45 daga gæsluvarðhaldi.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Krafa ákærvalds um lengingu gæsluvarðhaldstíma kemur ekki til álita, þar sem af hálfu ríkissaksóknara var ekki gætt ákvæða 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974, en vararíkissaksóknari sótti þing, þegar gæsluvarðhaldsúrskurðurinn var kveðinn upp.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. mars 1976.

Ár 1976, fimmtudaginn 11. mars, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 19. nóvember 1974 hvarf Geirfinnur Einarsson frá Keflavík, og hefur hann ekki sést síðan.

Þau Erla Bolladóttir, Kristján Viðar Viðarsson og Sævar Marínó Ciecielski hafa skýrt frá því, að þau hafi farið í ferð til Keflavíkur ásamt fleiri mönnum. Var farið að Dráttarbraut Keflavíkur. Erla Bolladóttir kveðst þá þar á staðnum hafa orðið hrædd og hlaupið brott og falið sig. Þeir Sævar og Kristján Viðar hafa skýrt svo frá, að þeir hafi farið út á bát, þar sem Geirfinnur Einarsson hafi látið lífið.

Þau Kristján, Sævar og Erla hafa öll skýrt frá því, að þarna hafi verið staddur Einar Bollason meðal annarra.

Kristján Viðar Viðarsson hefur tekið til baka framburð sinn um förina til Keflavíkur og sjóferðina, en síðan hefur hann sagst muna eftir ferðinni til Keflavíkur og að Dráttarbrautinni í Keflavík, en ekki eftir sjóferðinni. Hefur hann sagt, að þarna hafi verið staddir fleiri menn, sem hann þekkti, þótt svo hann komi því ekki fyrir sig, hverjir það voru.

Kærði, Einar Bollason, Magnús Leopoldsson og Valdimar Olsen voru hinn 26. janúar sl. úrskurðaðir í 45 daga gæsluvarðhald vegna rannsóknar máls þessa. Af hálfu ákærvalds hefur þess nú verið krafist, að gæsluvarðhaldsvist kærða, Einars Bollasonar, verði framlengd í þágu rannsóknar máls þessa og jafnframt að fram fari ítarleg dómsrannsókn á sakarefni máls þessa. Af hálfu kærða, Einars Bollasonar, hefur þessari kröfu verið mótmælt með vísan til þess, er fram kemur í lögreglurannsókn um hugsanlega fjarvist Einars Bollasonar að kvöldi hins 19. nóvember 1974.

Rannsókn máls þessa er ekki nærri lokið enn. Þarf meðal annars að fara fram dómsrannsókn með sakkbendingum og sampröfunum fyrir dómi auk þess sem nauðsynlegt er að prófa fyrir dómi þau gögn, sem fram hafa komið við lögreglurannsóknina varðandi hugsanlega fjarvist kærða Einars Bollasonar umrætt kvöld.

Rétt þykir með vísan til 1. og 4. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 að úrskurða Einar Bollason í gæsluvarðhald, á meðan rannsókn máls þessa er fram haldið, en brot það, sem hann er grunaður um að eiga þátt í, varðar við XXIII. kafla almennra hegningarlaga og 60. gr., sbr. 61. gr. laga nr. 59/1969, og geta brot þessi varðað

fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um gæsluvarðhald er því fullnægt.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhald kærða, Einars Gunnars Bollasonar, fram-
lengist um 30 daga frá kl. 1125 11. mars 1976.

Fimmtudaginn 25. mars 1976.

Nr. 194/1974. **Dánarbú Jónasar Kristjánssonar og
Samvinnutryggingar g/t**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Rögnvaldi Árnasyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjóns-
son, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Greiðslutilboð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. nóvember 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. október 1974. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að „hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þ. e. a. s. að áfrýjendum verði dæmt“ að greiða sér óskipt „kr. 1.103.263.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 3. september 1972 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. desember, en af kr. 216.821.00 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 150.000.00 í málskostnað — en allt að frá-